

Ed. 521. Frumvarp til laga [292. mál]

um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi frá kl. 18.00 föstudaginn 10. október 1986 til kl. 18.00 sunnudaginn 12. október 1986, vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna, eftirtaldar húseignir í Reykjavík, ásamt lóðum þeirra og öllum réttindum, sem þeim tilheyra, þar með talin leigu- og afnotaréttindi sem veitt hafa verið í fasteignum þessum og lóðarréttindum sem þeim fylgja, til fullrar og ótakmarkaðrar ráðstöfunar, til ótakmarkaðs aðgangs að öllum hlutum húsanna og til að hindra allan aðgang að þeim og lóðum þeirra nema með leyfi leigunámstaka:

Borgartún 17, Borgartún 18, Borgartún 19,
Borgartún 20, Borgartún 22, Höfðatún 2 og
Sætún 8.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga
Bandaríkja Ameríku og Sovétríkja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að til að tryggja öryggi þjóðarleiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkja á fundi þeirra í Höfða við Borgartún í Reykjavík dagana 11. og 12. október 1986 telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn til að heimild fáiast til að taka leigunámi nánar tiltekin hús og lóðir þeirra við Borgartún, Höfðatún og Sætún í Reykjavík frá kl. 18.00 föstudaginn 10. október 1986 til kl. 18.00 sunnudaginn 12. október 1986.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi frá kl. 18.00 föstudaginn 10. október 1986 til kl. 18.00 sunnudaginn 12. október 1986, vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkja, eftirtaldar húseignir í Reykjavík, ásamt lóðum þeirra og öllum réttindum, sem þeim tilheyra, þar með talin leigu- og afnotaréttindi sem veitt hafa verið í fasteignum þessum og lóðarréttindum sem þeim fylgja, til fullrar og ótakmarkaðrar ráðstöfunar, til ótakmarkaðs aðgangs að öllum hlutum húsanna og til að hindra allan aðgang að þeim og lóðum þeirra nema með leyfi leigunámstaka:

Borgartún 17, Borgartún 18, Borgartún 19,
Borgartún 20, Borgartún 22, Höfðatún 2 og
Sætún 8.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. október 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.